

---

# ÁRBÓK SVEITARFÉLAGA 2010

---

Samband íslenskra sveitarfélaga  
Hag- og upplýsingasvið  
Borgartúni 30 – Pósthólf 8100  
128 – REYKJAVÍK  
[www.samband.is](http://www.samband.is)

Árbók sveitarfélaga 2010 – 26. árgangur  
© Samband íslenskra sveitarfélaga – október 2010  
Umsjón með útgáfu: Gunnlaugur A. Júlíusson – Jóhannes Á. Jóhannesson  
Umbrot: Magnús Karel Hannesson – Ingibjörg Hinriksdóttir  
Prentun: Prentsmiðjan Oddi hf.  
ISSN 1021-822X

---

## Formáli

---

Árbók sveitarfélaga kemur nú út í tuttugasta og sjötta sinn. Í henni eru birtar upplýsingar um rekstur og efnahag sveitarfélaganna sem byggðar eru á niðurstöðum ársreikninga þeirra árið 2009.

Hag- og upplýsingasvið sambandsins leitast við að gera upplýsingar úr ársreikningum sveitarfélaganna í árbókinni eins samanburðarhæfar milli sveitarfélaga og fært er. Vegna þess að grunnupplýsingarnar eru byggðar á bókfærðum tekjum, gjöldum, eignum og skuldum sveitarfélaga samkvæmt gildandi bókhaldsreglum fyrir árið 2009 eru hinar svokölluðu skuldbindingar utan efnahags ekki færðar í öllum sveitarfélögum með sama hætti. Í þágu samræmingar eru þær sýndar sérstaklega hjá þeim sveitarfélögum þar sem það á við. Samkvæmt breyttum reikningsskilareglum munu slíkar skuldbindingar allar færast í efnahagsreikning fyrir árið 2010.

Uppsetning árbókarinnar og útliti er nú breytt frá því sem áður var. Hún er stærr og töflur í bókinni eiga nú að vera læsilegri en áður. Að öðru leyti er árbókin með hefðbundnu sniði. Uppsetning og efnistöð á talnaefni hafa verið yfirfarin og endurskipulögð í þeim tilgangi að þær upplýsingar séu sem aðgengilegastar fyrir lesendur.

Á síðasta ári var dregið úr birtingu á ýmsu sérefni sem tengist umhverfi sveitarfélaganna en verið hefur á undanförunum árum. Nú eru á hinn bóginn á ný birtir slíkir kaflar í samræmi við það markmið sem kynnt var í fyrra að í árbókinni eftir sveitarstjórnarkosningar fjórða hvert ár sé slíkt efni sett fram.

Árbók sveitarfélaga sem birt er á heimasíðu Sambands Íslenskra Sveitarfélaga [www.samband.is](http://www.samband.is) á að nýtast vel öllum þeim sem vilja glöggva sig á rekstri og fjárhag sveitarfélaganna og fylgjast vilja með málefnum þeirra og viðfangsefnum. Enn frekari niðurbrot á rekstrarþáttum sveitarfélaga er að finna á heimasíðunni. Þetta talnaefni er því hægt að nálgast á rafrænu formi til að setja saman ýmsar samanburðartöflur fyrir sveitarfélög sem eru t.d. að svipaðri stærð og gagnlegt getur verið að bera saman ýmsa rekstrarliði. Þannig má finna rekstrarþætti sem hugsanlega kann að vera ástæða til að greina frekar hjá einstökum sveitarfélögum. Þessar upplýsingar geta því verið upphaf frekari rannsóknarvinnu við greiningu á hagræðingartækifærum í rekstri sveitarfélaga.

Karl Björnsson framkvæmdastjóri.

---

## Efnisyfirlit

---

	Bls.
Kaflí 1 Fjárhagslegt umhverfi sveitarfélaga.....	5
Kaflí 2 Afkoma sveitarfélaganna, rekstur, efnahagur og sjóðstreymi.....	17
Kaflí 3 Fjármál sveitarfélaga í þjóðhagslegu samhengi.....	27
Kaflí 4 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.....	35
Kaflí 5 Ársreikningar sveitarfélaga og álagning skatttekna.....	41
Kaflí 6 Samband íslenskra sveitarfélaga.....	169
Kaflí 7 Lánasjóður sveitarfélaga ohf.....	171
Kaflí 8 Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga.....	173
Kaflí 9 Landshlutasamtök sveitarfélaga.....	175
Kaflí 10 Framkvæmdastjórar sveitarfélaga.....	177
Töfluskra	
Tafla 1. Framlög jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga á árinu 2009.....	39
Tafla 2. Samantekt ársreikninga 2009.....	50
Tafla 3. Rekstraryfirlit sveitarsjóða, landið allt.....	52
Tafla 4. Rekstraryfirlit borgarsjóðs Reykjavíkurborgar.....	53
Tafla 5. Rekstraryfirlit sveitarsjóða, höfuðborgarsvæðið utan Reykjavíkurborgar.....	54
Tafla 6. Rekstraryfirlit sveitarsjóða, vaxtarsvæði.....	55
Tafla 7. Rekstraryfirlit sveitarsjóða, önnur sveitarfélög.....	56
Tafla 8. Heildaryfirlit 2002 til 2009.....	57
Tafla 9. Ársreikningar sveitarfélaga 2009.....	62
Tafla 10. Fyrirtæki sveitarfélaga í samanteknum reikningi (B-fyrirtæki) 2009.....	88
Tafla 11. Skatttekjur sveitarfélaga (kr. á íbúa).....	98
Tafla 12. Rekstur málaflokka (kr. á íbúa).....	100
Tafla 13. Lykiltölur, hlutfall við tekjur.....	126
Tafla 14. Lykiltölur úr rekstri (kr. á íbúa).....	130
Tafla 15. Lykiltölur úr sjóðstreymi og efnahag (kr. á íbúa).....	134
Tafla 16. Álagt útsvar 2010 vegna launa 2009.....	138
Tafla 17. Álagður fasteignaskattur 2010.....	140
Tafla 18. Álagningarreglur fasteignagjalda árið 2010 í sveitarfélögum með 1000 íbúa og fleiri.....	142
Tafla 19. Álagningarreglur fasteignagjalda árið 2010 hjá sveitarfélögum með 300 - 999 íbúa og minna þéttbýli.....	143
Tafla 20. Íbúafjöldi í sveitarfélögum 1. júlí 2010.....	144
Tafla 21. Aldursskipting íbúanna eftir sveitarfélögum.....	146
Tafla 22. Stöðugildi hjá sveitarfélögum.....	148
Tafla 23. Upplýsingar um starfsemi grunnskóla á árinu 2009.....	150
Tafla 24. Upplýsingar um starfsemi leikskóla á árinu 2009.....	159
Kort Sveitarfélög 1. júní 2010 og kjördæmaskipan.....	180

# 1 FJÁRHAGSLEGT UMHVERFI SVEITARFÉLAGA

Sveitarfélögin í landinu starfa nú í erfiðara fjárhagslegu umhverfi en þau hafa gert um langa hríð. Hrun íslensku bankanna á árinu 2008, mikið fall á gengi krónunnar, mikil aukning atvinnuleysis, brottflutningur fólks, aukin þörf fyrir félaglega þjónustu af ýmsum toga og almennar verðhækkanir marka djúp spor á rekstrarumhverfi sveitarfélaganna. Erfiðleikar á útvegum lánsfjár hafa gert þessa stöðu enn þrengri fyrir mörg þeirra. Því má ekki gleyma að fjármálakreppan er alþjóðleg enda þótt orsakir hennar séu í fæstum löndum eins dramatískar og hérlendis. Þó má nefna að atvinnuleysi er mun meira í nokkrum löndum heldur en hérlendis, s.s. Eystrasaltslöndunum og á Spáni en þar er atvinnuleysi á bilinu 14–19% og á Írlandi er það nær 12%. Í öðrum norrænum ríkjum er atvinnuleysi hæst tæp 9% í Svíþjóð og Finnlandi. Atvinnuleysi á Íslandi hefur að jafnaði verið á bilinu 8–9% á þessu ári. Vandséð er að það fari lækkandi sem neinu nemur hérlendis á næstu einu til tveimur árum nema eitthvað það gerist sem ekki er í sjónmáli nú sem stendur. Aukið atvinnuleysi hefur marghátuð áhrif fyrir samfélagið. Velta í þjóðfélaginu minnkar vegna þess að hluti íbúanna hefur minna milli handanna. Það hefur áhrif á almennan rekstur í samfélaginu og þar af leiðandi á tekjur ríkisins af beinum og óbeinum sköttum. Ríki og sveitarfélög fá þannig lægri tekjur til að standa undir þeirri þjónustu sem þeim er ætlað að sinna. Á sama tíma aukast útgjöldin hjá sveitarfélögum á ýmsa lund. Það gerist t.d. vegna meiri þarfar fyrir félagsþjónustu af ýmsu tagi, þörf fyrir húsnæðisbætur og fjárhagsaðstoð fer vaxandi og aukin áhersla er lögð á ýmsa stöðþjónustu á þessum vettvangi.

Í nálægum löndum, þar sem þó hefur ekki orðið viðlíka efnahagshrun eins og hérlendis, hafa spár gert ráð fyrir að uppsveifla hefjist fyrst árið 2011 og atvinnuleysi verði á áþekku róli, a.m.k. fram á árið 2012. Það heyrast hins vegar raddir um að efnahagslæggðin verði lengri en gert var ráð fyrir. Fjöldmörg lönd hafa gripið til umfangsmikilla aðgerða til að styrkja fjármálakerfið og snúa þannig ofan af þeim trúnaðarbresti sem er til staðar hjá fyrirtækjum og almennum neytendum. Þessi þróun hefur áhrif á stöðu landa sem byggja jafnmikið á útflutningi eins og Ísland gerir. Fjármálakerfi heimsins er þrátt fyrir umfangsmiklar stuðningsaðgerðir enn mótað af miklu óöryggi og tortryggni. Slíkt óöryggi og slæmar horfur um aukinn hagvöxt næstu árin gera það að verkum að bæði atvinnulífið og almenningur halda að sér höndum með eftirspurn á almennum markaði. Bæði Bandaríkin og Kína hafa gangsett og framkvæmt miklar efnahagsaðgerðir sem áttu að leiða til aukins hagvaxtar og styrkingar á fjármálakerfinu. Innan Evrópu hefur ekki verið farið í eins umfangsmiklar aðgerðir. Á tímabili var talin ákveðin hættu á verðhjöðnun en hún virðist liðin hjá að mestu leyti. Verðhjöðnun er

almennt talin mun hættulegri en verðbólga því við verðhjöðnun dettur eftirspurn á markaði niður því kaupandinn býst við að verðið verði lægra á morgun en það er í dag.


Í Evrópu minnkaði verg landsframleiðsla í flestum löndum álfunnar undir lok ársins 2008. Niðursveiflan er mjög greinileg og samdráttur í flestum stórum hagkerfum álfunnar. Þýskaland sem er mjög háð útflutningi hefur orðið fyrir hvað mestum áhrifum vegna þessa innan Evrópu. Í Englandi varð mikið verðfall á fasteignum og landið fæst við mikil vandamál í banka- og fjármálakerfinu. Írland, Spánn og Grikkland hafa þurft að takast á við mikla innri erfiðleika og á tímabili var tvísýnt um að grísk stjórnvöld myndu geta ráðið við stöðuna upp á eigin spýtur. Ástandið í baltnesku löndunum er einnig mjög erfitt. Fyrrgreindir þættir hafa einnig mikil áhrif á þróun efnahagsmála hérlendis. Samdráttur í útflutningi, neyslu og fjárfestingu á Norðurlöndum gerir það að verkum að VLF hefur minnkað í öllum norrænum löndum. Þar sem evrulönd flytja hlutfallslega mikið út miðað við til dæmis Bandaríkin, þá hefur alþjóðlegur samdráttur í verslun og viðskiptum meiri áhrif á efnahag þeirra. Bandaríkin flytja t.d. út um 12–13% af VLF á meðan útflutningur er um 40% af VLF í evrulöndunum. Hagvöxtur var neikvæður á evrusvæðinu um 4,1% á árinu 2009 en gert er ráð fyrir að hann sé jákvæður um 1,0% á árinu 2010.

Hrun á gengi krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum hefur haft marghátuð áhrif sem varða sveitarfélögin ekki síður en aðra aðila í samfélaginu. Gengistryggð lán hafa hækkað gríðarlega, verðbólga óx mikið á tímabili en hefur verið á niðurleið á undanförunum mánuðum. Vegna þess hefur margháttaður kostnaður hækkað. Vextir á innlendum lánum eru enn frekar háir en vextir á erlendum lánum hafa lækkað verulega. Kaupmáttur launa hefur lækkað og þar með er erfiðara að sækja auknar útsvarstekjur til íbúa sveitarfélaganna. Á móti kemur að hagur útflutningsfyrirtækja hefur á margan hátt batnað vegna gengisrýrnunar krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Það hefur í för með sér að staða þeirra hefur batnað og umsvif aukist nokkuð. Kaupgeta erlends ferðafólks hefur vaxið og það hefur sín áhrif á hvað það eyðir miklu á ferð um landið.

Hér á eftir verður farið yfir nokkur atriði sem varða efnahagsumhverfi sveitarfélaganna og leitt fram á hvern hátt þeir þættir sem skipta miklu máli fyrir rekstrarumhverfi sveitarfélaganna hafa þróast á liðnum árum. Upplýsingar þær sem þessi samantekt byggir á koma að verulegu leyti frá upplýsingavef Hagstofu Íslands ([www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)) og úr Hagtíðindum (Þjóðhagsreikningar) frá árinu 2010. Með þessari samantekt er reynt að skýra hvaða áhrifavaldar það eru sem skipta sveitarfélögin mestu máli í þjóðarbúskapnum og hvaða áhrif þeir hafa á stöðu sveitarfélaganna.

## MANNFJÖLDI

Í lok ársins 2009 voru íbúar landsins 317.630 og hafði íbúum landsins fækkað um nær 2.000 manns frá fyrra ári. Það er í fyrsta sinn um margra áratuga skeið sem íbúum fækkar milli ára. Þar kemur helst til að fólk af erlendu bergi brotið sem starfaði hérlandis meðan uppsveiflan var sem mest hefur horfið aftur til síns heima. Einnig hefur töluverður fjöldi Íslendinga flust af landi brott í kjölfar efnahagshrunsins. Þróun íbúafjöldans er eitt þeirra atriða sem skiptir sveitarfélögin mestu máli, bæði í bráð og lengd. Íbúarnir nýta sér þjónustu sveitarfélagsins og íbúarnir greiða kostnaðinn við rekstur sveitarfélagsins með skattfé og þjónustugjöldum. Fjölgun íbúa kallar á framkvæmdir og leiðir af sér hærri skatttekjur. Fækkun íbúa gerir það að verkum að nýting mannvirkja og staðbundinnar þjónustu verður lakari og tekjustofnar dragast saman.




Mynd 1. Þróun íbúafjölda á árunum 1996–2009.  
Heimild: Hagstofa Íslands

Á mynd 1 kemur fram hvernig þróun íbúafjölda á landinu hefur verið frá árinu 1996. Þar kemur fram þróun heildaríbúafjöldans og einnig hvernig hann skiptist milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Glögg kemur fram að fjölgun íbúanna á sér fyrst og fremst stað á höfuðborgarsvæðinu og er það staðreynd sem þarf ekki að koma neinum á óvart.

Á mynd 2 kemur fram hve hátt hlutfall íbúa landsins býr á höfuðborgarsvæðinu og hve stór hluti á landsbyggðinni frá árinu 1996. Nokkur breyting hefur orðið á þessu hlutfalli á tímabilinu eins og kemur glögg fram á myndinni. Frá árinu 2004 stöðvaðist samdráttur í íbúafjölda utan höfuðborgarsvæðisins eftir samfellt undanhald árin þar á undan. Á síðustu tveimur árunum hefur þessi þróun þó farið af stað aftur.

Mynd 2. Íbúapróun á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.  
Heimild: Hagstofa Íslands




Hér verður ekki farið dýpra niður í íbúapróun í einstökum kjördæmum eða einstökum sveitarfélögum. Fyrst og fremst eru dregnar hér fram þær grófu höfuðlínur sem skyra út mismunandi þróun íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og á landsbyggðinni hins vegar. Þessar hugleiðingar gefa þó tilefni til almennra vangaveltna um hvernig menn skilgreina höfuðborgarsvæðið. Fram til þessa hefur það afmarkast af Kjalarnesi í norðri til Hafnarfjarðar í suðri. Spurning er hvort sú skilgreining sé endilega rökrétt lengur eða hvort eigi að skilgreina höfuðborgarsvæðið með hliðsjón af því atvinnusvæði sem virkar nú æ meir sem samhangandi heild. Í sívaxandi mæli keyrir fólk á milli Akraness, Suðurnesja og sveitarfélaga fyrir austan HELLISHEIÐI og höfuðborgarsvæðisins vegna vinnu sinnar. Fyrir en síðar kemur að því að það verði farið að skilgreina svæðið frá Borgarbyggð/Akranesi til Árborgar sem eitt samhangandi atvinnu- og þjónustusvæði. Bættar samgöngur munu síðan tengja þetta svæði enn betur saman svo sem með Suðurstrandarvegi, tvöföldun Reykjanesbrautar og bættum vegasamgöngum yfir HELLISHEIÐI.

## HAGVÖXTUR

Á árunum 2003 til 2006 var hagvöxtur á landinu mjög mikill. Hann er síðan neikvæður á árunum 2007–2009. Hrunið mikla kemur sérstaklega fram á árinu 2009 er hagvöxtur er neikvæður um rúm 10%. Það er gríðarlegt hrap sem hefur mikil áhrif inn í allan þjóðarbúskapinn. Hagvöxtur fyrri ára var að stórum hluta til drifinn áfram af einkaneyslu og fjárfestingum sem fjármagnaðar voru á beinan eða óbeinan hátt með erlendum lántökum. Hátt gengi krónunnar, mikið framboð hagstæðra íbúðarlána og ört hækkandi fasteignaverð leiddi til aukinnar einkaneyslu og meiri innflutnings. Gríðarlegar byggingarframkvæmdir áttu sér stað á þessum árum, bæði í orku- og stóriðjugeiranum en einnig og ekki síður í margháttaðum byggingarframkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu og vaxtarsvæðum. Óhjákvæmileg afleiðing þessa ástands var mikill viðskiptahalli við útlönd. Hann var mikill allt frá árinu 2003 og náði



hámarki árið 2008. Á mynd 3 er birt yfirlit um þróun hagvaxtar, viðskiptajafnaðar og þjóðarútgjalda á árunum 1995 til 2006 og spá fyrir árin 2009 til 2011 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Afleiðingar efnahagsbrunsins koma þar skýrt fram. Þjóðarútgjöld dragast mikið saman, hagvöxtur verður neikvæður en viðskiptajöfnuður við útlönd breytist úr því að vera mjög óhagstæður upp í að vera nálægt núlli næstu árin.



Mynd 3. Þróun hagvaxtar, viðskiptajafnaðar og þjóðarútgjalda 1995–2011. Heimild: Hagstofa Íslands


Horfur í efnahagsmálum á yfirstandandi ári eru á ýmsa vegu frekar dökkar. Atvinnulífið líður fyrir að starfsemi fjármálakerfisins er ekki komin á fullt skrið þar sem endurskipulagning og endurfjármögnun þess er ekki frágengin. Enn ríkir mikil óvissa um endanlega skuldastöðu þjóðarbúsins og hins opinbera sökum skuldbindinga við önnur ríki og kröfuhafa. Jafnframt ríkir mikil óvissa um hvenær eða í hve miklum mæli gjaldeyrishöftum verður aflétt en það er að miklu leyti háð því hvernig tekst að losa um stórar eignir erlendra fjárfesta í íslenskum verðbréfum. Innflutningur hefur dregist verulega saman. Á hinn bóginn hefur afkoma útflutningsgreina batnað á ýmsan hátt vegna gengislækkunar krónunnar og sterkari samkeppnisstöðu á erlendum mörkuðum. Nokkur efnahagsbati í viðskiptaríkjum Íslands hefur einnig haft jákvæð áhrif á stöðu þeirra.

Í Hagtíðindum frá september 2010 er áætlað að samdráttur vergrar landsframleiðslu verði 6,8% árið 2010. Það gerist fyrst og fremst vegna mikils samdráttar í heildareftirspurn í hagkerfinu. Stærstu áhrifin koma til vegna samdráttar í einkaneyslu. Mikil skuldsetning töluverðs hluta íslenskra heimila dregur úr einkaneyslunni auk þess sem heimilin hafa aukið sparnað til að mæta þeirri óvissu sem ríkir í efnahagsmálum landsins.

## VERÐLAGSBREYTINGAR

Verðbólga jókst nokkuð skarpt fyrri hluta ársins 2006 en nokkuð dró úr hækkun verðbólgunnar þegar leið á árið. Að jafnaði var vísitala neysluverðs 6,8% á árinu 2006. Þessa þróun má að miklu leyti rekja til hækkana á húsnæðisverði og á olíu- og bensínverði.

Mynd 4. Þróun vísitölu neysluverðs á árunum 1996–2009 og spá fyrir 2010–2011. Heimild: Hagstofa Íslands




Verðbólga hækkaði verulega á árinu 2008 og hélst síðan há út árið 2009. Framan af hafði mikil eftirspurn í samfélaginu og vaxtahækkunarákvarðanir áhrif á verðbólguna en síðan stafaði hún fyrst og fremst af mikilli lækkun á gengi krónunnar. Innleidd gjaldeyrishöft sem tekin voru upp í kjölfar efnahagshrunsins síðla árs 2008 styrktu gengi krónunnar tímabundið en það gekk síðan að öllu leyti til baka. Gengi krónunnar hefur aftur á móti styrkst nokkuð frá fyrri hluta þessa árs. Það er engu að síður töluvert fyrir neðan það sem hægt er að telja eðlilegt. Innfluttar vörur samanstanda af tæplega 40% í vísitölu neysluverðs og hafa breytingar á gengi krónunnar komið hratt fram í verðbólgutölum samfara veikingu gengisins. Allar líkur benda til að verðbólga lækki nokkuð stöðugt á þessu ári og verði síðan frekar lág á næsta ári. Þó eru margir óvissupættir í farvatninu um þróun hennar. Má þar til dæmis nefna að kjarasamningar flestra opinberra starfsmanna eru lausir frá og með 1. desember 2010. Niðurstaða þeirra kjarasamninga sem framundan eru koma til með að hafa veruleg áhrif á þróun verðlags á komandi mánuðum og misserum.

## ÞRÓUN GENGISMÁLA

Gengisþróun krónunnar ræður miklu um verðlagsþróun á innlendum markaði þar sem íslenskt þjóðfélag er svo háð innflutningi á vörum erlendis frá. Jafnframt ræður staða krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum miklu um afkomu útflutningsatvinnugreina. Á mynd 5 kemur fram hver þróun

Íslensku krónunnar hefur verið gagnvart bandarískum dal (USD) og evru (mynt Evrópusambandsins) á árunum 1996–2010.



Mynd 5. Gengisþróun íslensku krónunnar gagnvart USD og evru.

Heimild: [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is)

Á árunum 1996 til 1999 var USD mun ódýrari en evran en á árunum 2000–2002 skipti um og USD var dýrari en evran. Árið 2003 skipti aftur um og USD féll í verði og varð aftur mun ódýrari en evran. Bilið milli verðlags þessara gjaldmiðla gagnvart krónunni hefur síðan farið vaxandi í gengishruninu undanfarnin misseri þar sem gengi USD hefur lækkað gangvart evru. Þessar breytingar skipta miklu máli bæði fyrir útflutningsfyrirtækin og einnig hvað varðar verðlag á innfluttum vörum.

Mörg sveitarfélög, og þá sérstaklega þau stærri, færðu á undanförunum árum lánasöfn sín í verulegum mæli yfir í erlend lán vegna þess mikla vaxtamunar sem hefur verið á innlendum lánunum og lánunum sem tekin eru í helstu viðskiptamyntum þjóðarinnar. Hið sama átti við um fjölda einstaklinga og fyrirtækja. Vaxtamunurinn var það mikill að margir tóku þá áhættu sem ætíð fylgir lántöku í erlendri mynt í einhverri mynd þegar tekjurnar eru í innlendum gjaldmiðli. Spár greiningardeilda fyrir nokkrum árum voru yfirleitt í þá áttina að gengið muni lækka á komandi misserum en nokkur munur var á því hve þær áætluðu að það gerist hratt. Fára óraði þó fyrir því hruni á gengi krónunnar sem átti sér stað á árinu 2008 og framan af árinu 2009. Það setti allar áætlanir úr skorðum hjá þeim sem voru skuldsettir í erlendri mynt. Höfuðstóll erlendra lána tvöfaldaðist og þaðan af meir ef lán voru t.d. tekin í japönskum yenum.

Innleiðing gjaldeyrishafta gerir alla spágerð um þróun á gengi krónunnar mun erfiðari en áður. Við það bætist að ekki liggur fyrir hvenær hægt verður að aflétta gjaldeyrishöftunum en það er að mörgu leyti háð því hvernig hægt verður að leysa úr þeim vanda að inni í hagkerfinu er mikið af erlendu fjármagni sem líklega verður fært úr krónum í erlenda gjaldmiðla við fyrsta tækifæri. Einnig skiptir máli í þessu sambandi að þungi afborgana og vaxtagreiðslna af erlendum lánunum sem innlendir aðilar bera ábyrgð á er


umtalsverður. Þar er um að ræða lán sem ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar hafa tekið. Á þessu ári verður gengi krónunnar veikt áfram vegna umtalsverðra vaxtagreiðslna af verðbréfum sem heimilt er að flytja úr landi. Einnig hefur borið á því að gjaldeyrir af útflutningstekjum hefur ekki skilað sér til baka í þeim mæli sem eðlilegt er að telja þar sem hægt hefur verið að nálgast krónur á erlendum mörkuðum. Það hefur í raun valdið því að myndast hefur tvöfaldur gjaldeyrismarkaður þar sem gengi krónunnar á erlendum mörkuðum hefur ætíð verið veikara en á innlendum markaði. Gjalddeyrishöftin eiga að stemma stigu við þessari þróun mála. Gengi krónunnar hefur styrkst nokkuð á árinu 2010. Síðan er gert ráð fyrir því að gengið styrkist um allt að 8% á árinu 2011 samhliða því sem hagvöxtur aukist eitthvað.

## ATVINNUMARKAÐUR


Þróun atvinnnumarkaðar á undanförnum árum markaðist eðlilega af þeim miklu framkvæmdum sem voru í gangi í þjóðfélaginu. Hluti þeirra starfa sem koma til vegna uppsveiflu í hagkerfinu var mannaður með erlendu vinnuafli. Fjöldi erlendra ríkisborgara sem voru starfandi hérlendis fór úr 3.400 á árinu 1999 í allt að 18.000 manns í lok ársins 2008. Þessi þróun dró úr spennu á vinnnumarkaði en erlent vinnuafli kom til starfa mun víðar en í stóriðju- og virkjunarframkvæmdum austur á fjörðum. Hluttur erlends starfsfólks var t.d. mjög umfangsmikill í byggingarframkvæmdum á suðvesturhorni landsins. Hluti þessa fólks hefur sest að hérlendis á meðan aðrir hafa horfið úr landi þegar atvinnumöguleikar minnkuðu. Íslenskur vinnnumarkaður er þannig mjög sveigjanlegur og hefur það vafalaust áhrif í þá átt að draga úr atvinnuleysi þegar til lengri tíma er litið. Annars vegar flyst fólk auðveldlega milli starfa og hins vegar er atvinnuþátttaka ungs fólks sveiflukennnd eftir árstíðum.

Atvinnuþátttaka er mikil á Íslandi eins og kemur fram á mynd nr. 6. Þar kemur fram að atvinnuþátttaka sveiflast á bilinu 80% og upp í tæp 84%. Atvinnuþátttaka hefur þó dregist saman á undanförunum misserum. Frá fyrsta ársfjórðungi 2008 hefur atvinnuþátttaka dregist saman um 1,5% af heildarfjölda 16–74 ára eða um 4.200 manns. Hún hefur dregist saman um 2,2% hjá körlum en um 0,6% hjá konum.

Mynd 6. Atvinnuþátttaka á árunum 1996–2009.  
Heimild: Hagstofa Íslands.



Atvinnuleysi á Íslandi hefur gegnum árin verið lítið miðað við nálæg lönd, hvort sem miðað er við önnur norræn ríki eða ríki innan Evrópusambandsins. Það hefur þó breyst á allra síðustu árum. Á mynd 7 kemur fram yfirlit um atvinnuleysi á Íslandi á árunum 1996 til 2012. Upplýsingar fram til ársins 2010 eru rauntölur en áætlaðar fyrir árin 2011 og 2012.



Mynd 7. Atvinnuleysi á árunum 1996–2012.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Á mynd 7 kemur fram að atvinnuleysi hefur á árunum 1996–2008 sveiflast frá 2,0% og upp í tæp 4%. Á árinu 2009 verður mikil breyting þar á. Þá fer atvinnuleysið upp í 8% að jafnaði yfir árið. Það er síðan enn hærra á árinu 2010. Atvinnuleysi hefur þannig aukist hraðar á undanförunum misserum en dæmi eru til um að gerst hafi héraendis áður. Hluti fólks hefur einnig þurft að sætta sig við skert starfshlutfall og fær það atvinnuleysisbætur að hluta. Fjölmennasti hópur atvinnulausra starfaði áður við mannvirkjagerð en fækkun starfa í verslun, viðgerðum og iðnaði er einnig veruleg.

Opinberar spár reikna með að atvinnuleysi verði áfram verulegt á komandi árum. Gert er ráð fyrir að það fari að ganga til baka á nýjan leik en óvíst er hve hröð sú þróun verður. Það er háð mörgum óvissuþáttum svo sem aðkomu erlendra aðila að fjárfestingum héraendis, lánsfjármöguleikum, afstöðu stjórnvalda til ýmissa atriða sem skipta miklu máli í þessu sambandi svo og hvernig efnahagsmál þróast á okkar helstu markaðssvæðum.

## ÍBÚÐABYGGINGAR OG ÍBÚÐAVERÐ

Nýbyggingar íbúða og verðþróun á fasteignamarkaði skiptir fjárhag sveitarfélaganna verulegu máli með hliðsjón af tekjum þeirra af fasteignaskatti. Á árunum 2004–2007 voru mikil umsvif víða um land í byggingu íbúðarhúsnæðis. Þær áttu sér fyrst og fremst stað á suðvesturhorninu frá Borgarnesi austur í Árborg, á Eyjafjarðarsvæðinu og síðan á Mið-Austurlandi. Aukningin var um 14% á ári að jafnaði. Á árinu 2008 varð síðan mikill viðsnúningur í þessum efnum. Á þremur fyrstu fjórðungum ársins drögust íbúðabyggingar saman um 17% frá sama tíma

árið áður og á síðasta fjórðungi ársins nam samdrátturinn um 34% miðað við árið á undan. Eftirspurn á fasteignamarkaði jókst verulega á árinu 2005, fyrst og fremst í kjölfar þess að bankarnir tóku að veita hagkvæmari íbúðalán en áður. Það fylgdi í kjölfar þess að íbúðalánasjóður jók lánshlutfall húsnæðislána upp í 90%. Um ákveðinn tíma fór lánshlutfall einstakra banka til íbúðakaupa upp í 100%, sem er það hæsta sem þekkt hefur. Mikil hækkun íbúðaverðs varð byggingarfyrirtækjum m.a. hvati til að auka framboðið því verðið hækkaði mun meir en sem nam byggingarkostnaði. Afleiðing þess varð ein mesta verðbólga á húsnæðismarkaði sem þekkt hefur hérlendis sem gat ekki endað nema á einn veg. Árið 2008 var lokið við nær 3.000 íbúðir á landinu öllu og var það litlu færra en árið á undan. Á sama tíma voru taldar nær 6.500 íbúðir í byggingu á öllum byggingarstigum eða rúmlega tvöfalt fleiri en lokið var við á árinu auk þess sem byrjað var á um 3.200 íbúðum það ár. Bankahrunið hafði síðan í för með sér hrun á fasteignamarkaði. Viðskipti með fasteignir hafa minnkað gríðarlega og raunverð lækkað mikið. Mjög víða stöðvuðust framkvæmdir við húsnæði sem var í byggingu. Það kemur til vegna þess að áhvílandi fjármögnun hefur hækkað mikið, verð byggingarvara hefur hækkað og fáir kaupendur finnast að íbúðum sem eru til sölu. Niðurstaða þessa er sú að ekki er hægt að gera ráð fyrir öðru en að mikill samdráttur verði á fasteignamarkaði og í íbúðabyggingum á næstu árum. Fækkun landsmanna hefur áhrif á þessa stöðu.


Fyrir viðkomandi sveitarfélög skiptir þróun húsnæðismarkaðar miklu máli fyrir fjárhag þeirra. Verðlag fasteigna hefur áhrif á tekjur sveitarfélaganna af fasteignaskatti og fjölgun íbúðabygginga þýðir yfirleitt fjölgun íbúa. Íbúafjölgun hefur í för með sér auknar skatttekjur til lengri tíma litið en einnig kallar hún á aukið framboð þjónustu, nýframkvæmdir og fjárfestingar. Sveitarfélög geta ekki frestað lagningu veitukerfis, uppbyggingu gatna, skóla eða annarra þjónustumannvirkja þegar hverfin eru farin að byggjast upp. Mikil uppbygging íbúðarhúsnæðis hefur veruleg áhrif á framkvæmdaþörf sveitarfélaga, lántökur þeirra og fjárhagslega stöðu á meðan á uppbyggingartíma stendur. Það hefur veruleg áhrif á fjárhag sveitarfélaga til lengri tíma ef þau sitja uppi með ónotaðar fjárfestingar í hverfum sem voru skipulögð en hafa ekki byggst upp. Fyrir liggur að lækkun fasteignamats komi fram af fullum þunga á næsta ári. Óvíst er hvernig sveitarfélögin geta brugðist við þeirri stöðu vegna fallandi kaupmáttar alls almennings og aukinnar skattheimtu ríkisvaldsins.

## EINKANEYSLA

---

Mikils samdráttar tók að gæta í einkaneyslu fyrir mitt ár 2008 og síðan herti verulega á honum á fjórða ársfjórðungi ársins. Fjölmörg heimili í landinu hafa orðið fyrir miklum fjárhagslegum skakkaföllum í kjölfar hruns bankanna og alþjóðlegrar efnahagslæggðar sem þrengir að einkaneyslunni. Þar munar mest um kaupmátt ráðstöfunartekna, skuldsetningu og nettó

eignastöðu. Vextir hafa auk þess hækkað umtalsvert og aðgengi að lánsfé takmarkast verulega. Heimilin hafa brugðist við þessu með því að draga einkaneyslu saman í meira mæli en dæmi eru um í þá hálfu öld sem gögn Hagstofunnar ná yfir. Vöxtur hennar var að vísu gríðarlega mikill á síðustu árum á meðan gengi krónunnar var skráð óeðlilega hátt og kaupmáttur launa jókst verulega.



Mynd 8. Þróun einkaneyslu á árunum 1997–2010 og spá fyrir árin 2011–2013.  
Heimild: Hagstofa Íslands.

Á mynd 8 kemur fram hver þróun einkaneyslu hefur verið á árunum 1996–2010. Eins og sést hefur vöxtur einkaneyslu verið á milli 5–8% flest árin fram til ársins 2007 á þessu tímabili að undanskildum árunum 2001 og 2002. Einkaneyslan vex gríðarlega á árinu 2005, sem orsakast meðal annars af vaxandi kaupmætti launa og sterkri stöðu krónunnar. Áhrifin af hruni efnahagslífsins koma síðan í ljós á árunum 2008–2010. Vonir eru bundnar við að einkaneyslan taki aftur að aukast frá og með árinu 2011. Það er vitaskuld háð mögum óvissuþáttum eins og komið hefur fram hér að framan.

## SAMNEYSLA

Samneysla hins opinbera, ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, dróst saman um 3,0% árið 2009. Samneysla ríkissjóðs dróst saman um 4,1%, sveitarfélaga um 2,1% og almannatrygginga um 0,6%. Laun eru stærsti hluti samneyslunnar. Árið 2009 námu þau 57,3%, árið 2008 var hlutfallið 58,9% og 61,1% árið 2007. Á fyrsta ársfjórðungi árið 2010 dróst samneyslan saman um 3,8% samanborið við fyrsta ársfjórðung 2009 skv. óárstíðaleiðréttnum tölum Hagstofunnar. Gert er ráð fyrir að samneysla dragist áfram saman á komandi árum. Í spá Hagstofu Íslands er talið að samneysla dragist saman að raunvirði árið 2010 og að samdrátturinn nemi 3,8% milli ára. Árið 2011 er reiknað með að raunsamdrátturinn nemi 3,8% og 1,8% árið 2012. Er það mjög breytt niðurstaða frá fyrra ári en þá hljóðaði spá fjármálaráðuneytisins um að samneysla hins opinbera myndi aukast um 0,3% að magni til árið 2010 og 0,4% árið 2011. Gagnrýnt hefur

verið af ýmsum aðilum að vöxtur í samneyslu sveitarfélaganna hafi verið hærrí en hjá ríkinu á undanförunum árum. Í þessu sambandi er rétt að minna á að starfsemi og skyldur sveitarfélaganna eru þess eðlis að það er erfitt og flókið að setja fastmótuð heildarmarkmið fyrir þróun samneyslunnar hjá öllum sveitarfélögum landsins miðað við núverandi form á fjárhagslegu samstarf ríkis og sveitarfélaga. Sérstaklega er það erfitt þegar þróunin í búsetuþróun í landinu er eins og hún hefur verið á undanförunum áratug. Á meðan framkvæmdir eru í lágmarki hjá hluta sveitarfélaganna og samneysla dregst þar saman vegna íbúafækkunar verða önnur sveitarfélög að takast á við miklar nýframkvæmdir, meðal annars vegna íbúafjölgunar. Þau hafa ákveðnum skyldum að gegna sem erfitt eða ómögulegt er að víkjast undan.

*Samantekt: Gunnlaugur A. Júlíusson – Hag- og upplýsingasvið.*



# 2 AFKOMA SVEITARFÉLAGANNA - REKSTUR, EFNAHAGUR OG SJÓÐSTREYMI

Fjárhagslegt umhverfi sveitarfélaganna hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum. Hluti sveitarfélaganna reið um nokkurra ára skeið á öldufaldi efnahagsbólunnar á meðan önnur þurftu að takast á við afleiðingar verulegrar kyrrstöðu og óhagstæðrar gengisþróunar fyrir útflutningsgreinar. Nú hefur staðan breyst í veigamiklum atriðum. Efnahagshrunið og gríðarleg gengisfelling krónunnar veldur sveitarfélögum erfiðleikum sem höfðu skuldsett sig vegna mikilla framkvæmda og væntinga um áframhaldandi íbúafjölgun á meðan hagur þeirra sveitarfélaga sem eru nátengd afkomu sjávarútvegsins hefur víða farið batnandi. Slíkar sveiflur eru ætíð mjög erfiðar fyrir rekstur opinberra aðila eins og sveitarfélaga sem hafa það sem meginhlutverk að annast ákveðna nærþjónustu fyrir íbúana. Forsenda þess að þau geti rækt hlutverk sitt eins og þeim er lagt fyrir er að það ríki ákveðinn stöðugleiki í rekstrarumhverfi þeirra. Fjárhagsáætlanir verður að byggja á nokkuð tryggum forsendum. Skipulagsmál verður að skoða í heildarsamhengi.

Hér á eftir verður farið yfir nokkur atriði er varða fjárhagslega afkomu A-hluta í rekstri sveitarfélaganna á árinu 2009. Til samanburðar er birt yfirlit um hvernig þau hafa þróast í nokkur undanfarin ár. Hér er fyrst og fremst farið yfir upplýsingar sem varða sveitarfélögin í heild sinni en athyglinni einungis að mjög litlu leyti beint að stöðu einstakra sveitarfélaga. Það er ljóst að afkoma sveitarfélaganna er mjög misjöfn hvað varðar afkomu og skuldastöðu þegar staða einstakra sveitarfélaga er skoðuð. Sveitarfélögin eru vitaskuld afar mismunandi að stærð og innri uppbyggingu en einnig er afkoma þeirra mismunandi þegar niðurstöðutölur á hvern íbúa eru metnar. Vísað er til meðfylgjandi taflna um fjárhagslegar upplýsingar um rekstur sveitarfélaganna þegar skoða þarf lykiltölur nánar frá einstökum sveitarfélögum.

## REKSTUR SVEITARFÉLAGA ÁRIN 2002–2009

---


### TEKJUR

Tekjustofnar sveitarfélaganna eru útsvar, fasteignaskattur, greiðslur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og þjónustutekjur. Álagning útsvars og fasteignaskatts byggir á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarstjórn tekur ákvörðun um álagningarprósentu einu sinni á ári í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta fjárhagsár. Greiðslur úr


Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fara eftir reglum jöfnunarsjóðs hverju sinni. Að síðustu má nefna að sveitarfélögin hafa nokkurt sjálfðæmi um þjónustugjöld upp að því marki að gjaldtakan má ekki vera hærri en sem nemur kostnaði við hvert verkefni.

Nákvæmar upplýsingar um þjónustutekjur sveitarfélaganna eru einungis til frá og með árinu 2002 þegar reikningsskilum sveitarfélaganna var breytt en breytt reikningsskil höfðu engin áhrif á framsetningu útsvars og fasteignaskatts. Lóðarleigan kemur hins vegar inn í tekjuhlíð ársreikninga sem skattaígildi með breyttum reikningsskilum.

Mynd 1. Próun tekna sveitarfélaga árin 2002–2009.




Yfirlit um tekjur sveitarfélaga á árunum 2002–2009 koma fram í mynd nr. 1. Þar er búið að uppfæra þær á verðlag ársins 2009 samkvæmt vísitölu neysliverðs með húsnæðiskostnaði. Miðað er við meðaltal vísitölunnar ár hvert. Vegna breyttra reikningsskila er ekki hægt að birta sambærilegt yfirlit um þjónustutekjur frá því fyrir og eftir breytingu á reikningsskilunum. Því er hér einungis birt yfirlit um þjónustutekjur sveitarfélaganna frá því eftir breytinguna. Fram kemur á töflu 1. að tekjur sveitarfélaganna hafa vaxið mikið að raungildi framan af þessu tímabili eða til ársins 2007. Síðan hafa heildartekjur sveitarfélaganna dregist saman að raungildi. Það kemur betur í ljós á mynd 2.



Mynd 2. Hlutfallsleg þróun skatttekna sveitarfélaga á árunum 2002–2009.

Á mynd 2 kemur fram hlutfallsleg þróun skatttekna sveitarfélaganna á tímabilinu 2002–2009. Skatttekjur aukast jafnt og þétt fram til ársins 2007 en síðan hafa útsvarstekjur og greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga farið lækkanði að raungildi. Áhrif efnahagshrunsins á fasteignaskattinn koma ekki fram fyrr en á árinu 2009 þar sem breytingar á fasteignamarkaði eru lengur að koma fram.

Útsvar hefur vaxið að raungildi um 37% á tímabilinu, fasteignaskattur um 89% og framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 69%. Þess ber þó að geta að ýmsar breytingar hafa orðið á jöfnunarsjóðnum á tímabilinu og má í því sambandi nefna greiðslur til sveitarfélaga vegna húsaleigubótakerfisins og aukaframlag til illra staddra sveitarfélaga. Í þessu sambandi er fróðlegt að sjá hvernig álagningarhlutfall útsvars hefur breyst á tímabilinu. Það kemur fram á mynd nr. 3.



Mynd 3. Meðalútsvar á árunum 2002–2009.


Á mynd 3 kemur fram að meðalálagning útsvars hefur hækkað úr 12,79% árið 2002 upp í 13,10% árið 2009. Það er hækkan álagningar um 2,4% á tímabilinu. Það þýðir að hluti af þeim auknu tekjum sem sveitarfélögin fengu fram til ársins 2007 af álagningu útsvars er vegna hækkaðrar útsvarsprósentu, hluti þeirra er vegna fjölgunar fólks á vinnumarkaði, minna atvinnuleysis og hluti er til kominn vegna hærri launa á vinnumarkaði og aukins kaupmáttar. Síðan breytist myndin með breyttu ástandi í

samfélaginu. Atvinnuleysi eykst, fólki fækkar á vinnumarkaði og laun lækka.

## REKSTRARKOSTNAÐUR

Í reikningsskilum sveitarfélaga er rekstrarkostnaði þeirra skipt í grófum dráttum í laun og launatengd gjöld, annan rekstrarkostnað, afskriftir og breytingu á lífeyrisskuldbindingum sveitarfélaga. Reyndar eru ekki til nákvæmar upplýsingar um breytingu á lífeyrisskuldbindingum frá árinu 2002 og 2003. Það er ekki fyrr en frá og með árinu 2004 sem þær eru sérstaklega tilgreindar í reikningsskilum sveitarfélaga. Ekki eru til nógu nákvæmar upplýsingar frá fyrri árum um þennan lið. Því eru áfallnar lífeyrisskuldbindingar skráðar með launum og launatengdum gjöldum á árunum 2002 og 2003. Niðurstöður um þróun útgjalda sveitarfélaganna á árunum 2002–2009 koma fram á mynd 4. Þær eru settar upp á verðlag ársins 2009.

Mynd 4. Þróun útgjalda sveitarfélaganna á árunum 2002–2009.



Í töflu 1 kemur fram hver hefur orðið hækkun frá fyrra ári á þeim þremur liðum sem upplýsingar liggja fyrir um öll árin og síðan eru breytingar á lífeyrisskuldbindingum reiknaðar út fyrir þann tíma sem upplýsingar liggja fyrir um.

Tafla 1. Hlutfallsleg breyting einstakra rekstrarliða á árunum 2002–2009


	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
<b>Laun og launatengd gjöld</b>	3,7%	-2,9%	14,2%	14,0%	8,3%	12,3%	8,4%
<b>Br. lífeyrisskuldbindinga</b>		0,0%	13,0%	57,8%	-65,3%	-2,6%	-88,1%
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>	9,6%	3,7%	7,0%	16,0%	18,1%	22,9%	-5,6%
<b>Afskriftir</b>	6,3%	5,7%	10,8%	7,3%	9,4%	5,3%	14,1%

Í töflu 1 kemur fram hver er hlutfallsleg hækkun á einstökum liðum milli ára. Árið 2002 er upphafsár og því miðað út frá því þar sem eldri viðmiðun er ekki fyrir hendi. Rétt er að minna á að breyting lífeyrisskuldbindinga og afskriftir eru ekki raunveruleg útgjöld á viðkomandi rekstrarári heldur er hér um að ræða ávisun á útgjöld í framtíðinni sem verður mætt með því

fjármagni sem búið er að leggja til hliðar. Athygli vekur hin mikla sveifla á lífeyrisskuldbindingum milli ára.

## REKSTRARAFKOMA

Á mynd 5 kemur fram yfirlit um framlegð, fjármagnsliði og rekstrarafkomu sveitarfélaganna eftir fjármagnsliði á árunum 2002–2009. Hér er miðað við afkomu af hefðbundnum tekjustofnum en ekki er tekið tillit til óreglulegra liða.




Mynd 5. Fjármagnsliðir og afkoma eftir fjármagnsliði.

Á mynd 5 koma glöggft fram þær gríðarlegu sveiflur sem hafa verið í rekstrarumhverfi og afkomu sveitarfélaganna á liðnum áratug. Fyrstu þrjú árin á tímabilinu er afkoman nokkuð í jafnvægi en þó heldur lakari en vera þyrfti. Hún batnar síðan ár frá ári fram til ársins 2007. Þá hrynur afkoma sveitarfélaganna við efnahagshrunið. Árin 2008 og 2009 eru sveitarfélögunum mjög erfið.

## SKULDIR SVEITARFÉLAGA

Yfirlit um skuldir sveitarfélaga og skuldbindingar þeirra kemur fram á mynd 6. Þar er gefið yfirlit um langtímaskuldir, skammtímaskuldir og skuldbindingar. Verðlag hefur verið fært upp til ársins 2009 með hliðsjón af þróun neysluvísitölu. Heildarskuldir sveitarfélaganna hafa á þessu tímabili vaxið úr rúmum 100 ma.kr. upp í um 186 ma.kr. Skuldir sveitarfélaga lækka heldur að raungildi á árunum 2005 og 2006 miðað við fyrri ár en vaxa aftur á árinu 2007.

Mynd 6. Skuldir og skuldbindingar á árunum 2002–2009.




Síðan koma fram á efnahagsreikningi sveitarfélaganna gríðarleg áhrif efnahagshrunsins og gengishruns krónunnar á árunum 2008 og 2009 í formi mikillar hækkunar langtímaskulda. Athygli vekur þó að hlutfall lausaskulda hefur farið stöðugt vaxandi hin seinni ár. Í þessu sambandi verður að taka tillit til þess að allnokkur aukning hefur orðið á að sveitarfélög hafa fjármagnað framkvæmdir með einkaframkvæmd þar sem einkaaðili reisir og fjármagnar byggingu en sveitarfélagið leigir hana með langtímasamningi. Önnur útfærsla á samskiptum sveitarfélaga og einkaaðila er að sveitarfélög hafa selt einkaaðila fasteignir og leigja þær síðan til baka. Skuldir hafa þá oft verið greiddar niður en greiðsla langtímaskuldbindingar færist á rekstrarreikning. Þannig hafa orðið þær breytingar á þessu umhverfi á liðnum árum að það er tæplega sambærilegt að öllu leyti milli ára. Einnig hafa nokkur sveitarfélög selt eignir og greitt upp skuldir með söluandvirði þeirra.

Hér eru ekki taldar með skuldir B-hluta fyrirtækja og stofnana sveitarfélaganna svo sem félaglega íbúðarkerfisins, hafnarsjóða og veitufyrirtækja. Þessi fyrirtæki eiga að standa undir skuldum sínum með sjálfsaflafé í gegnum þjónustugjöld eða aðrar tekjur. Það liggur þó ljóst fyrir að það gengur of víða ekki upp. Þar er fyrst og fremst um að ræða félagslega íbúðarkerfið en einnig verða ýmis sveitarfélög að taka á sig byrðar vegna reksturs hafnarsjóða, þar sem tekjur hafnarsjóða nægja ekki til að standa undir rekstri þeirra. Því liggur ljóst fyrir að ýmis sveitarfélög þurfa að standa undir stærri skuldabyrði með skatttekjum sínum en kemur fram í reikningum sveitarsjóða. Staða þeirra mála er hins vegar afar mismunandi milli einstakra sveitarfélaga.

Þegar fjallað er hér um skuldbindingar sveitarfélaganna er fyrst og fremst verið að tala um lífeyrisskuldbindingar. Lífeyrisskuldbindingar lækka

verulega á árinu 2007 þegar Reykjavíkurborg og Akureyrarkaupstaður selja eignarhlut sinn í Landsvirkjun og andvirðið er notað til að greiða niður lífeyrisskuldbindingar. Þar til viðbótar koma að hluta til skuldbindingar sem eru komnar til vegna skuldbindandi samninga sveitarfélaganna vegna leigu mannvirkja sem byggð hafa verið í einkaframkvæmd eða sölu og endurleigu sveitarfélaga á eignum sínum svo dæmi sé tekið. Þær hafa hins vegar einungis í undantekningartilfellum verið færðar í efnahagsreikning sveitarfélaganna fram til þessa. Frá og með næstu áramótum verða allar slíkar skuldbindingar færðar skuldamegin í efnahagsreikning og mótsvarandi eignir eignamegin. Þá á að vera tryggt að fram komi glögg heildarmynd af áhvilandi skuldum og skuldbindingum sveitarfélaganna.

Þróun á hlutfalli milli skulda og tekna skiptir máli varðandi það hve auðvelt er fyrir sveitarfélögin að standa við skuldir og skuldbindingar sínar. Í mynd 7 kemur fram hvert hlutfallið hefur verið á milli tekna og skulda án/með skuldbindingum.



Mynd 7. Hlutfall skulda og tekna.

Hlutfall tekna á móti skuldum sveitarsjóðs breytist frekar lítið á fyrstu þremur árum tímabilsins og eru þá tekjur sveitarfélaganna í heild sinni tæplega 20% hærrí en skuldir þeirra á þessu tímabili. Á árinu 2005 hækkar þetta hlutfall töluvert og eru tekjur sveitarfélaga um 30% hærrí en heildarskuldir án skuldbindinga. Sama þróun heldur áfram á árunum 2006 og 2007. Hlutfallið milli tekna og skulda hrapar síðan á árinu 2008 en þá eru tekjur einungis um 9% hærrí en skuldir en skuldir og skuldbindingar orðnar hærrí en heildartekjur. Hlutfallið versnar síðan enn á árinu 2009 vegna gríðarlegrar hækkunar lána í kjölfar gengisfellingar krónunnar. Taka skal fram að hér er reiknað með brúttóskuldum sveitarfélaganna en handbært lausafé er ekki dregið frá útistandandi skuldum. Þessi kennitala segir ákveðna sögu en margs ber að gæta áður en farið er að draga meiri

ályktanir af henni. Þess ber síðan að geta að skuldbindingar utan efnahags eru ekki taldar hér með en þær eru nálægt 45 ma.kr.

## SJÓÐSTREYMI

Hlutfall milli tekna og rekstrargjalda annars vegar og tekna og skulda sveitarfélaga hins vegar segir ákveðna sögu um afkomu þeirra og fjárhagslega stöðu. Það skiptir þó ekki síður máli að fá yfirlit um hve mikið fjármagn sveitarfélagið hefur tiltækt þegar búið er að greiða allan daglegan rekstur. Handbært fé frá rekstri segir til um hve mikið fjármagn er laust þegar allir reikningar hafa verið greiddir. Það fjármagn er því hægt að nota til að greiða afborganir skulda og nýta til fjárfestinga. Það er auðveldara að reka sveitarfélag sem hefur mikið handbært fé frá rekstri enda þótt skuldir þess séu miklar, heldur en sveitarfélag sem hefur lítið sem ekkert handbært fé frá rekstri enda þótt skuldir þess séu ekki miklar. Handbært fé frá rekstri skiptir miklu máli þegar lagt er mat á möguleika sveitarfélaga til að standa við skuldbindingar sínar. Veltufé frá rekstri er önnur stærð sem er nátengd handbæru fé frá rekstri og skiptir ekki öllu máli hvor stærðin er notuð í þessum tilgangi. Eftir því sem hlutfall handbærs fjár frá rekstri er hærra þá gefur það sveitarfélaginu meira svigrúm til að standa undir skuldum og skuldbindingum sínum.


Sjóðstreymi sveitarfélags leiðir í ljós hvaðan það fjármagn kemur sem sveitarfélagið hefur til ráðstöfunar. Er það frá rekstrinum sem munur tekna og gjalda, er það komið til vegna sölu eigna eða vegna lántöku? Tekið er tillit til þeirra kostnaðarliða sem ekki fela í sér bein útgjöld svo sem afskriftir, breyting lífeyrisskuldbindinga eða áhrifa verðbóta og gengismunar. Því meira sem handbært fé er frá rekstri, því sterkari er fjárhagsleg staða sveitarfélagsins.

Hér á eftir verður farið yfir hver þróun nokkurra grundvallarstærða í afkomu sveitarfélaganna hefur verið á þessu sviði á árunum 2002–2009. Upplýsingar um þessi atriði er einungis fyrir hendi frá þeim tíma sem liðinn er frá upptöku nýrra reikningsskila.

Á mynd 8 kemur fram hvornig handbært fé frá rekstri hefur þróast á árunum 2002–2009. Upplýsingar eru settar fram á verðlagi ársins 2009, uppreiknað með vísitölu neysluverðs. Handbært fé lækkaði heldur á árinu 2003 miðað við árið 2002 en jókst síðan jafnt og þétt á árunum 2004 til 2007. Mikil aukning á árinu 2007 vekur sérstaka athygli. Handbært fé frá rekstri lækkar síðan verulega á árinu 2008 en er þó hærra en það var á árunum 2005 og 2006. Á árinu 2009 lækkar það síðan enn meir og er rétt fyrir ofan það sem lægst hefur verið á tímabilinu.


Leggja ber áherslu á að hér er um að ræða niðurstöðu fyrir landið í heild sinni. Staða þessara mála getur síðan verið afar mismunandi milli einstakra sveitarfélaga.





Mynd 8. Handbært fé frá rekstri.

Handbært fé er sett í samhengi við fjárfestingar sveitarfélaganna á mynd 9. Þar kemur fram yfirlit um fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum, söluverð varanlegra rekstrarfjármuna og að lokum handbært fé frá rekstri. Mismunurinn gefur til kynna í grófum dráttum lánsfjárförfina hverju sinni svo staðan sé sett upp á nokkuð einfaldan hátt.




Mynd 9. Fjárfestingar, söluverð eigna og handbært fé frá rekstri.

Á mynd 9 kemur glögg fram hve munur milli fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum annars vegar og söluverði rekstrarfjármuna og handbærs fjár frá rekstri hefur breyst á þeim árum sem til umfjöllunar eru. Á árunum 2002–2004 var kostnaður við fjárfestingar hærrí en samanlagt söluverð fastafjármuna og handbært fé frá rekstri. Á árunum 2005–2007 er söluverð fastafjármuna og handbært fé frá rekstri hærrí en sem nemur brúttófjárfestingum og er munurinn langmestur á árinu 2007. Þetta breytist síðan gríðarlega á árunum 2008 og 2009. Á árinu 2008 eru fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum rúmlega tvöfalt hærrí en söluverð varanlegra rekstrarfjármuna og handbært fé frá rekstri og munurinn er síðan enn meiri á árinu 2009. Sérstaka athygli vekur að söluverð varanlegra rekstrarfjármuna hverfur nær því alveg miðað við fyrri ár.

Lánsfjárförf sveitarfélaganna tekur nokkuð mið af þessu hlutfalli sem er lýst í mynd 8. Yfirlit um hana kemur fram á mynd 9. Þar kemur bæði fram að lántökur sveitarfélaga í heild sinni hafa minnkað töluvert á árinu 2005

miðað við fyrra ár og hafa nýjar lántökur verið lægri en afborganir langtímalána frá því ári. Á árinu 2007 er munurinn á nýjum langtímalánum og niðurgreiðslu langtímalána gríðarlegur. Vitaskuld er staða sveitarfélaga hvað þetta varðar misjöfn. Hér er einungis tekin fyrir þau lán sem sveitarsjóðir hafa tekið en ekki lán stofnana sveitarfélaga svo sem veitustofnana og hafnarsjóða. Hér er ekki gerður greinarmunur á skammtímalánum og langtímalánum heldur eru þau tekin fyrir í einu lagi. Ekki er heldur gerður greinarmunur á erlendum lánum, lánum í erlendri mynt eða lánum í íslenskum krónum. Það er skipting sem getur verið áhugavert að fá nánari upplýsingar um. Eftir því sem stærri hluti af lánum sveitarfélaganna er í erlendri mynt þeim mun meiri áhrif hafa breytingar á gegni íslensku krónunnar á rekstur þeirra.

Mynd 10. Lántaka sveitarfélaga og afborganir langtímalána árin 2002–2009.



Á mynd 10 kemur glögg í ljós hve hlutfallið milli lántöku og afborgana langtímalána hefur breyst mikið hjá sveitarfélögum á síðustu þremur árum. Á árinu 2007 koma fram áhrif á sölu stórra sveitarfélaga á hlut sínum í veitufyrirtækjum eins og Landsvirkjun. Á árunum 2008 og 2009 eru hlutföllin aftur á móti orðin alveg öfug. Lántaka eykst mikið en afborganir langtímalána dragast mikið saman á árinu 2008 og eru lægri en mörg ár þar á undan.

## AÐ LOKUM

Hér að framan hefur verið farið yfir nokkur helstu atriðin er varðar afkomu sveitarfélaganna á árunum 2002–2009. Afkoma sveitarfélaganna versnaði á árinu 2008 miðað við árið á undan. Þar koma fram meðal annars áhrif verðbólgu og almenns samdráttar í atvinnulífinu. Efnahagshrunið hefur síðan mikil áhrif á efnahag sveitarfélaganna. Staðreynd er þó að afkoma sveitarfélaganna er mjög misjöfn þegar afkoma einstakra sveitarfélaga er skoðuð nánar. Hafa ber þó í huga að þrátt fyrir að árið 2007 hafi verið að mörgu leyti sérstakt ár í rekstri og afkomu sveitarfélaganna þá var árið 2008 það ekki síður en bara á annan hátt.

*Samantekt: Gunnlaugur A. Júlíusson – hag- og upplýsingavið sambandsins.*

# 3 FJÁRMÁL SVEITARFÉLAGA Í ÞJÓÐHAGSLEGU SAMHENGI

Í stuttu máli verður hér farið yfir helstu hagstærðir í fjármálum sveitarfélaga samkvæmt uppgjöri þjóðhagsreikninga.<sup>1</sup> Í töflu 1 eru tekjur sveitarfélaga settar í samhengi við tekjur hins opinbera og sömuleiðis landsframleiðslu til að sýna hlut sveitarfélaga í búskap hins opinbera, sem takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar.<sup>2</sup> Heildartekjur hins opinbera námu 40,9% af landsframleiðslu árið 2009 og er hlutur sveitarfélaganna um 31% eða 12,6% af landsframleiðslu og hefur hlutur sveitarfélaga í tekjum hins opinbera ekki farið yfir 30% áður.

**Tafla 1. Fjármál hins opinbera og sveitarfélaga**

<i>Í milljörðum króna</i>	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Tekjur hins opinbera	240,6	273,2	297,8	323,5	340,5	360,0	409,5	483,6	560,5	623,8	653,6	614,3
Tekjur sveitarfélaga	64,1	71,0	78,8	91,0	96,1	101,9	112,8	130,7	161,2	185,3	193,4	189,3
Tekjur sveitarfélaga % af tekjum hins opinbera	26,7	26,0	26,5	28,1	28,2	28,3	27,5	27,0	28,8	29,7	29,6	30,8
Landsframleiðsla (VLF)	588,4	632,4	683,7	771,9	816,5	841,3	928,9	1.026,7	1.168,6	1.308,5	1.477,9	1.500,8
